

Atvinnuveganefnd Alþingis

Alþingishúsið við Austurvöll

101 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Reykjavík 17. janúar 2022

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra mál nr. 15**

Hinn 1. desember 2021 var lagt fram þingmannafrumvarp um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013. Atvinnuveganefnd hefur málið til umfjöllunar og er frestur til að skila um umsögn um málið til 17. janúar 2022.

Frumvarpið fjallar um bann við blóðmerahaldi. Samtök ferðapjónustunnar – SAF hafa farið yfir frumvarpið á sínum vettvangi og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

#### **Starfshópur ráðherra**

Samtökin vilja beina athygli nefndarinnar á þá staðreynd að 9. desember sl. skipaði sjávarútveg- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem ætlað er að fjalla um blóðtöku úr fylfullum hryssum til framleiðslu á efninu eCG, frjósemislyfja handa dýrum.

Starfshópnum verður falið að skoða starfsemina, regluverkið í kring um hana og eftirlit, auk þess að skoða löggjöf og mögulega framkvæmd slíkrar starfsemi erlendis.

Samtökin gera ráð fyrir því að við slíka vinnu verði skoðað hvort atvinnustarfssemi brjóti gegn reglum um velferð dýra og fái staðfest að innan Evrópusambandsins og Sviss er blóðtaka úr fylfullum hryssum óheimil. Allar séríslenskar reglur um atvinnustarfsemi sem er mögulega siðferðislega röng hefur ekki bara neiðkvæð áhrif á dýrin heldur einnig landið og orðspor þess í alþjóðasamfélaginu. Starfssemi er mögulega skaðleg ímynd Íslands þó örfáir bændur hafi atvinnu af. Við þessa vinnu stjórnvalda þarf að skoða stóru myndina og mögulega fórna minni hagsmunum fyrir meiri.


#### **SAF og Horses of Iceland**

Samtökin hvetja stjórnvöld, starfshópin og atvinnuveganefnd, til að leita ráða hjá aðilum sem hafa málefni íslenska hestsins á sinni könnu, innan lands sem utan, og má þar helst nefna Horses of Iceland. Samtök íslenska hestsins eru starfandi í yfir 20 löndum um allan heim og eru málefni hans ekki einkamál einstaka bænda hér á landi heldur þarf að hafa í huga orðspor íslenska hestsins um allan heim í huga. Atvinnuveganefnd Alþingis er bent á að skoða umrætt frumvarp með hagsmuni hrossa og þjóðarinnar í heild.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

*Virðingarfyllt*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*



*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*



*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*